

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/1568*  
*komudagur 29.3.2004*



MOSFELLSBÆR

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík.

658-2  
04/026  
50.11


Mosfellsbær 25. mars 2004.

Á 658. fundi bæjarráðs Mosfellsbæjar þann 25. mars 2004 var tekið fyrir erindi yðar (04/026) dags. 1. mars 2004, varðandi umsögn um frumvarp til laga um vatnsveitur.

Bæjarráð samþykkti að gera umsagnir Sambands íslenskra sveitarfélaga að sínum og ítreka það sem þar kæmi fram.

Þessi afgreiðslu bæjarráðs sendist yður hér með sem svar við erindi yðar.

Virðingarfyllst  
f.h. bæjarráðs Mosfellsbæjar

  
Stefán Ómar Jónsson  
bæjarritari

hjálf. ljósrit af umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga.

# Umsögn

## Sambands íslenskra sveitarfélaga

### um drög að frumvarpi um vatnsveitur sveitarfélaga

Meginmarkmið með þessum lagabreytingum er að veita sveitarfélögum meira svigrúm varðandi rekstrarform vatnsveitna og að tryggja heimild til að taka arð í samræmi við það sem fram kemur í 4. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga. Stjórn sambandsins mælir með samþykkt frumvarpsins að teknu tillit til eftirfarandi athugasemda.

#### Um 3. gr.

Greinin verði leiðrétt þannig að VIII. kafli verði VII. kafli.

Í greininni er örugglega átt við VII. kafla en ekki VIII. kafla sveitarstjórnarlaga.

#### Um 4. gr.

Lagt er til að tekin verði afstaða til þess hvort vatnsveitufyrirtæki megi reikna kostnað vegna kaupa/leigu á einkarétti sveitarfélags sem hluta af þeim rekstrarkostnaði sem nota á við mat á hámarki vatnsgjalda út frá reglum um þjónustugjöld.

Tveir möguleikar eru á því hvernig fyrirtæki megi nýta kostnað vegna kaupa/leigu á einkarétti. Ef fyrirtæki geta nýtt þann kostnað sem rekstarkostnað vegna vatnsveitu í samræmi við reglur um töku þjónustugjalda geta þau í raun borgað hvað sem er fyrir einkaréttinn enda þurfa íbúar að kaupa vatn. Hinn möguleikinn er sá að kostnaður vegna kaupa/leigu á einkarétti standi fyrir utan „þjónustugjaldakostnað” og fyrirtæki þurfa því að veða og meta hversu mikið þau eru tilbúin að greiða fyrir hann enda standi arðgreiðslur skv. 5. gr. einar undir kostnaðinum.

#### Um 7. gr.

Lagt er til að 3. mgr. greinarinnar verði lagfærð.

Óljóst er til hvaða málsliða er vísað í lokamálslið 3. mgr. greinarinnar.

#### Um 11. gr.

Lagt er til að við 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins verði nýjum málslið bætt við svohljóðandi: “Í stað þess að taka tillit til arðgreiðslna skv. 5. gr. er vatnsveitu heimilt leggja 7% álag á gjaldskrá veitunnar.”

Sú aðferðafræði sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu varðandi heimildir vatnsveitna til að áskilja sér arð leiðir til afar mismunandi niðurstaðna gagnvart einstaka vatnsveitum. Svo virðist sem það sé nokkrum tilviljunum háð hver eiginfjárstaða einstakra veitna er. Til eru dæmi um neikvæða eiginfjárstöðu en vatnsveitur með slíka eiginfjárstöðu eða mjög lága hafa enga möguleika á að innheimta hærra vatnsgjald en sem nemur kostnaði.

#### Um 13. gr.

Lagt er til að í reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga verði tiltekið hvaða svæði falli undir einkarétt sveitarfélaga til vatnsveitna í dag. Jafnframt verði breytingar á einkarétti, t.d. þegar sveitarstjórn ákveður að áskilja sér einkarétt á ákveðnu svæði, kynntar með reglugerðarbreytingu hverju sinni.

#### Um greinargerð

Lagt er til að ýmsar skýringar í greinargerð og athugasemdir við greinar verði lagfærðar með tilliti til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á frumvarpinu frá því að það var til umfjöllunar á sl. þingi.

#### **Afgreiðsla málsins**

Stjórnin samþykkti framangreinda umsögn á fundi sínum 19. september 2003.

Sigrún Jónsdóttir sat hjá við afgreiðslu málsins. Árni Þór Sigurðsson greiddi atkvæði á móti og lagði fram eftirfarandi bókun: “Með ákvæði 4. gr. frumvarpsins er verið að stíga skref til einkavæðingar vatnsveitna, sem er mikilvægur hluti af grunnþjónustu sveitarfélaga. Ég er andvígur þeirri stefnu og greiði því atkvæði gegn umsögn sambandsins um frumvarpið.”

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 19. september 2003.

---

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri



## Umsögn

### Sambands íslenskra sveitarfélaga

#### um frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga, 576. mál.

Meginmarkmið með þessum lagabreytingum er að veita sveitarfélögum meira svigrúm varðandi rekstrarform vatnsveitna.

Hliðstætt frumvarp var lagt fram á Alþingi á árinu 2003 en náði þá ekki fram að ganga. Sú breyting hefur nú verið gerð frá frumvarpinu sem lagt var fram á árinu 2003 að felld er niður heimild eigenda vatnsveitna til að taka sér arð af rekstri vatnsveitna sbr. 5. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga. Samband íslenskra sveitarfélaga leggst gegn þeirri breytingu. Lagt er til að við frumvarpið bætist svohljóðandi ákvæði, sem verði ný málsgrein við 6. eða 10. gr. frumvarpsins eða verði sjálfstæð grein:

*Í gjaldskrá er heimilt að miða við að rekstur vatnsveitna skili eiganda sínum eðlilegum arði miðað við það fjármagn sem á hverjum tíma er bundið í fyrirtækinu.*

Í sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 er svohljóðandi ákvæði að finna í 5. mgr. 7. gr. laganna: „Sveitarfélög skulu setja sér stefnu um arðgjafar- og arðgreiðslumarkmið í rekstri fyrirtækja sinna og stofnana og er heimilt að ákveða sér eðlilegan afrakstur af því fjármagni sem bundið er í rekstri þeirra.”

Í nefndaráliti félagsmálanefndar Alþingis segir um þetta ákvæði: „Lögð er til breyting á 7. gr. er fjallar um almennar skyldur sveitarfélaga. Fjöldmörg sveitarfélög reka fyrirtæki á eigin ábyrgð og hafa fyrirtækin greitt sveitarsjóðum arð þegar rekstur þeirra hefur leyft. Þessi háttur hefur t.d. verið hafður hjá fyrirtækjum borgarsjóðs í a.m.k. 60 ár og hafa gjaldskrár fyrirtækjanna, sem staðfestar hafa verið af viðkomandi ráðuneyti, tekið mið af þessu. Ótvíræða heimild til þessa hefur hins vegar hingað til vantað í löggjöf. Í framhaldi af þessu mun þurfa að gera breytingar á orkulögum, nr. 58/1967, og lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, til þess að tryggja enn frekar heimildir sveitarfélaga til að ákveða arðgreiðslur frá fyrirtækjum sem alfarið eru í eigu sveitarfélaganna og rekin eru á þeirra ábyrgð.

Eins og kunnugt er hefur orkulögum þegar verið breytt í samræmi við þetta, sbr. lög nr. 78/2001. Þá er getið um arðsemissjónarmið í öllum sérlögum um veitufyrirtæki sveitarfélaga, sbr. eftirfarandi:

4. mgr. 6. gr. laga um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 139/2001:

„Við það skal miðað að Orkuveita Reykjavíkur skili eðlilegum arði miðað við það fjármagn sem á hverjum tíma er bundið í fyrirtækinu.”

1. m. gr. 10. gr. laga um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja nr. 10/2001:

„Stjórn hlutafélagsins setur gjaldskrá um verð á seldri orku til notenda þar sem m.a. skal gætt almennra arðsemissjónarmiða.”

5. gr. laga um stofnun hlutafélags um Norðurorku nr. 159/2002:

„Gætt skal almennra arðsemissjónarmiða við setningu gjaldskrár.“

Öll þessi fyrirtæki reka fjölþætta veitustarfsemi og þar með talið vatnsveitur. Eðlilegt er að reglur um heimildir veitufyrirtækja til arðgreiðslna séu sambærilegar óháð því hvers konar veitustarfsemi þau sinna. Ekki verða séð nein rök fyrir því að mismunandi reglur gildi um það þegar fyrirtæki með einkaleyfasölu selur rafmagn, heitt eða kalt vatn.

Verði ekki orðið við framangreindri breytingartillögu er ljóst að Alþingi hefur tekið stefnubreytingu hvað þessi mál varðar og í raun sett 5. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga í uppnám. Sú lagagrein verður að öllum líkindum lítils virði ef Alþingi tekur þá afstöðu að setja ekki inn ákvæði um arðtökuheimild í sérlög hverju sinni. Eðlilegt framhald af slíkri ákvörðun væri að afnema þær heimildir til arðtöku sem þegar eru í lögum. Sambandið telur slíka breytingu því mjög alvarlegt mál.

*AM*

Sambandið gerir ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið.

Samband íslenskra sveitarfélaga 16. mars 2004.



Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri